

Vegagerðin
Helgi Jóhannesson
Borgartúni 7
105 Reykjavík

2001010057
7708; 9310

Reykjavík, 23. febrúar 2001
/--

Efni: Bygging varnargarðs við Fláajökul, Sveitarfélaginu Hornafirði. Ákvörðun um matsskyldu.

Skipulagsstofnun barst erindi bæjarstjórnar Hornafjarðar, dags. 8. nóvember 2000, þar sem óskað var eftir meðmælum stofnunarinnar við veitingu framkvæmdaleyfis vegna varnargarðs við Fláajökul á grundvelli 3. t.l. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Við yfirferð málsins kom fram að efnistaka vegna framkvæmdarinnar væri af þeirri stærðargráðu að hún kynni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og væri því tilkynningarskyld. Að fengnu samþykki Vegagerðarinnar, sem er framkvæmdaraðili í þessu máli, þann 11. janúar 2001 hóf Skipulagsstofnun málsmeðferð í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þ.e. um það hvort að fyrirhuguð bygging á varnargarði við Fláajökul teljist matsskyld framkvæmd.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Náttúruverndar ríkisins. Álit bárust frá Sveitarfélaginu Hornafirði með bréfi dags. 30. janúar 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 2. febrúar 2001. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 15. febrúar 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé að byggja varnargarð til að koma í veg fyrir að flóð í Hólmsá eigi greiða leið eftir lægðum til austurs og komi niður í farveg Hleypilækjar og renni þaðan í Djúpa og Holtakíl. Verulegar líkur séu á því að á næstu árum geti Hólmsá runnið meðfram jöklinum til austurs og telur framkvæmdaraðili slíkt ástand óviðunandi að sumarlagi ef mikið vatn er í ánni. Nauðsynlegt sé að bregðast við

áðurgreindum atriðum með gerð varnargarðs en tilgangur hans væri að tryggja að vatn héldist í núverandi árfarvegi Hólmsár þó að næst jökli yrði breyting á legu árinna. Fyrirhugaður varnargarður yrði staðsettur um 700 m sunnan við jaðar Fláajökuls. Framkvæmdasvæðið einkennist af bogadregnum jökulgörðum sem hafa myndast við jökulröndina. Gróður sé rýr og beri mest á mosagróðri en svæðið sé innan hverfisverndarsvæðis í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er getið um tvær tillögur að varnargörðum sem tryggi að vatn úr Hólmsá, sem komist í Hleypilæk, renni til baka í farveg Hólmsár. Framkvæmdaraðili leggur til að neðra garðstæðið verði fyrir valinu. Fram kemur að ofan garðsins myndist þá lón í 45-46 m.y.s. en toppur garðsins verði í 49 m.y.s. Lónið verði að jafnaði um 400 m breitt og 2000 m langt. Vatnsborð lónsins ofan við efra garðstæðið komi þá einnig til með að hækka og að lónið þar verði að jafnaði 250 m breitt og 2 km á lengd. Fram kemur að heildarefnispörf í verkið verði 106.000 m³ eða um 98.000 m³ af fyllingarefni og 8.000 m³ af grjóti. Fyllingarefnið verði tekið úr námum 1 og 2 og grjót úr námu 3. Úr námu 1 verði teknir um 68.000 m³ af jökulruðningi og sé námusvæðið allt neðan vatnsborðs í væntanlegu lóni. Úr námu 2 verði teknir 30.000 m³ af mól, en náman sé öll í farvegi Hólmsár og því muni áin bera aftur mól í efnistökusvæðin. Þá verði teknir 8.000 m³ af lausu grjóti á yfirborði námu 3. Tvö ræsi verði í nýja varnargarðinum og með því tryggt að vatn verði áfram í Hleypilæk að loknum framkvæmdum. Framkvæmdaraðili telur að verði neðra garðstæðið fyrir valinu þá séu hæstu jökulöldurnar hærri en garðurinn sjálfur, þannig verði sjónræn áhrif minni en ella. Fram kemur að hvorki hafi verið ákveðið hvort verði af framkvæmdinni né hvenær verði ákveðið að ráðast í hana.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að varnargarður við Fláajökul skuli ekki háður mati á umhverfisáhrifum skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Náttúruvernd ríkisins telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Varnargarður og efnistaka

Náttúruvernd ríkisins bendir á að framkvæmdaraðili hafi í upphafi lagt fram tvær tillögur að varnargörðum. Efra garðstæðið sé nær jökulröndinni og yrði þá lónið að jafnaði 250 m breitt en ekki 400 m breitt eins og það verður samkvæmt valinni tillögu framkvæmdaraðila og skoða verði betur þá kosti sem séu í stöðunni. Jafnframt verði að gera betur grein fyrir tilgangi framkvæmdarinnar og hvað sé í húfi verði ekki ráðist í framkvæmdir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé hægt að bregðast við hugsanlegum breytingum á rennsli Hólmsár á annan hátt en með varnargarði í jökulöldunum. Minnt er á að í nýlega staðfestu aðalskipulagi Hornafjarðar sé gert ráð því fyrir að þarna verði byggður garður. Fáí Hólmsá að renna suður Mýrar í

farvegi Hleypilækjar sé allt land á milli Djúpár og Hólmsár í hættu ásamt Hringveginum á þessum kafla. Til að verja þetta land þyrfti að gera 5 km langan varnargarð frá núverandi brú yfir Djúpá að syðstu jökulgörðunum. Eitt af mörgum vandamálum við þá lausn sé að ekki sé vitað hvar vatnið úr Hólmsá kæmi að Hringvegi. Hólmsá gæti enn haldið áfram að renna í núverandi farvegi eða komið niður farveg Hleypilækjar. Bent er á að samkvæmt vegaáætlun verði byggð ný brú yfir Hólmsá árið 2001 og geti framkvæmdaraðili lent í þeirri erfiðu stöðu að byggja nýja brú í núverandi farvegi Hólmsár og áin síðan að fáum árum liðnum farið í farveg Hleypilækjar. Minnt er á að Hólmsá hafi verið haldið í núverandi farvegi með varnargörðum og farvegabreytingum síðan árið 1936. Uppbygging landbúnaðar og samgöngumannvirkja á þessu svæði miðist því við þessa stöðu vatnafars. Að mati framkvæmdaraðila sé því ljóst að ráðast þurfi í framkvæmdir á þessu svæði. Fram kemur að svokallað neðra garðstæði sé valkostur framkvæmdaraðila og sé ástæðan sú að þar séu hæstu öldurnar hærri en garðurinn. Þarna greinist varnargarðurinn í aðskilda garða og sjónræn áhrif verði minni en ella. Framkvæmdaraðili fellst hins vegar á það sjónarmið að það sé galli við neðra garðstæðið að lónið verði stærra en ef efra garðstæðið verði valið. Til að tryggja að landslagsáhrif verði í lágmarki verði leitað eftir samráði við landslagsarkitekt um endanlega legu garðsins.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar með þeim fyrirvara að náma 3 verði könnuð betur m.t.t. flatarmáls námusvæðisins.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að fyrirhugað sé að taka laust grjót af yfirborði á opnu og flötu landsvæði [náma 3] og að töluverð landslagsbreyting komi til með að hljóttast af þeirri framkvæmd. Grettistök séu hluti af því dauðislandslagi sem myndast við hop jökla og setja mikinn svip í landslagið. Að mati Náttúruverndar ríkisins ætti að athuga með aðra möguleika til grjótnáms. Ekki verði betur séð samkvæmt loftmynd sem m.a. sýni afmörkun námasvæðisins en að flatarmál þess sé yfir þeim mörkum sem fram koma í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en framkvæmdir sem taldar eru upp í 1. viðauka eru matsskyldar framkvæmdir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé rétt sem fram komi í umsögn Náttúruverndar ríkisins þess efnis að flatarmál sem afmarkað sé fyrir námu 3 sé yfir þeim mörkum sem fram komi í 1. viðauka laga nr. 106/2000. Minnt er á að í námunni sé aðeins fyrirhugað að taka laust grjót á yfirborði. Eðli málsins samkvæmt verði því að afmarka stórt námusvæði en hins vegar verði yfirborði alls svæðisins ekki raskað. Aðeins verði farið um þann hluta námusvæðisins þar sem mest sé af grjóti á yfirborði. Það sé rétt sem fram komi í umsögn Náttúruverndar ríkisins að grettistök séu hluti af því landslagi sem víða myndist við hop jökla. Ekki er hins vegar um slíkt að ræða í þessari námu heldur höfuðstóra steina. Umhverfisáhrif grjótvinnslu í námu 3 komi fyrst og fremst til með að felast í því að eftir að vinnslu námunnar sé lokið breytist áferð yfirborðsins í þá veru að þessi steinastærð hverfi úr yfirborðinu. Löng reynsla sé fyrir því á þessu svæði að gróður jafni sig. Þá er að

lokum minnt á að ofangreind náma sé sýnd á nýlega staðfestu aðalskipulagi Hornafjarðar og að þarna hafi á undanförunum árum verið tekið grjótt til að viðhalda núverandi varnargarði við Hólmsá.

Verndarsvæði, náttúrufar og landslag

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að fjallendið ofan byggðar í Lóni, Nesjum og á Mýrum sé skilgreint sem hverfisverndarsvæði í staðfestu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna náttúru og landslags. Ennfremur séu jökulaurar á ofanverðum Mýrum og Kolgrafardalur settir undir hverfisvernd til að tryggja heildaryfirbragð ósnortinnar víðáttu með frumstæðum vegslóðum og eðlilegu náttúrulegu gróðurfari. Í ákvæði hverfisverndarinnar komi m.a. fram að kerfisbundin útbreiðsla framandi landgræðslujurta sé óheimil án þess að um hana sé fjallað í skipulagi og að markmiðið sé að tryggja eðlilega framvindu gróðurs og vistkerfisins alls. Af þessu megi ljóst vera að svæðið hafi töluvert verndargildi auk þess sem það hafi einnig gildi fyrir ferðaþjónustu og nýtist til útivistar. Þá bendir Náttúruvernd ríkisins á að stefnt sé að því að stofna Vatnajökulsþjóðgarð eigi síðar en árið 2002. Fyrirhugað sé að þjóðgarðurinn afmarkist af jökulröndinni og sé því ofangreint framkvæmdasvæði á jaðarsvæði fyrirhugaðs þjóðgarðs. Mikilvægt sé því að fara varlega í allar framkvæmdir við jökulröndina og gæta þess að merkjum náttúruminjum verði ekki raskað. Þá kemur fram í umsögn Náttúruverndar ríkisins að jökulgarðar, sem myndast hafi við jökulröndina eftir að jökullinn byrjaði að hopa, hafi vísindalegt gildi sem og fræðilegt. Ekkert komi fram um það hvort að þeir hafi verið rannsakaðir eða neinar aðrar upplýsingar um gildi þessara jarðfræðiminja. Því sé ekki ljóst hverju sé verið að fórna með fyrirhugaðri framkvæmd.

Náttúruvernd ríkisins telur að ekki liggi fyrir nægjanlegar upplýsingar til að meta hvort framkvæmdin komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en hins vegar séu líkur á því að slíkt geti orðið. Framkvæmdirnar komi til með að valda breytingum á landmótun og landslagi við jökulinn. Ekki sé ljóst hvort að merkar jarðfræðiminjar eyðileggist við framkvæmdina. Því verði að rannsaka og meta gildi þeirra minja áður en ráðist verði í framkvæmdir á svæðinu. Jafnframt bendir Náttúruvernd ríkisins á að ekki komi fram í gögnum framkvæmdaraðila hvort að hægt sé að bregðast við hugsanlegum breytingum á rennsli Hólmsár með öðrum hætti.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að Sigfinnur Snorrasonar hafi birt skýrslu um breytingar á jaðri Fláajökuls og rennsli frá honum árið 1978 og Finnur Pálsson og Helgi Björnsson um vatnsrennsli undan eystri hluta Fláajökuls árið 2000. Svæðið einkennist af bogadregnum jökulgörðum og séu syðstu garðarnir u.þ.b. 2 km frá jökuljaðrinum og síðan taki þeir við hver af öðrum. Framkvæmdin felist fyrst og fremst í því að loka skörðum í jökulgarði sem sé 700 m sunnan við jökuljaðarinn og að ofan við þann garð myndist lón. Ekkert verði hróflað við sjálfum jökulgörðunum. Umhverfisbreyting hvað jökulgarðana varðar, yrði síst minni ef Hólmsá fengi að renna um framkvæmdarsvæðið.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu tæplega 2 km langs varnargarðs með því að loka skörðum í jökulgarði um 700 m sunnan við jaðar Fláajökuls í Sveitarfélaginu Hornafirði ásamt um 106.000 m³ efnistöku á þremur svæðum í nágrenni við garðinn og lagningu um 1,5 km langs vegslóða vegna framkvæmdanna.

Við umfjöllun málsins hafa komið fram rökstuddar ábendingar um að stærð og staðsetning varnargarðs við jaðar Fláajökuls og efnistaka vegna framkvæmdarinnar komi til með að valda breytingum á landmótun og landslagi á svæði við jökulinn sem lúti hverfisvernd og sem sé á jaðarsvæði fyrirhugaðs Vatnajökulspjóðgarðs. Ekki sé ljóst hvort merkar jarðfræðiminjar eyðileggist við framkvæmdina og meta verði gildi þeirra minja áður en ráðist verði í framkvæmdir á svæðinu. Svæðið hafi gildi fyrir ferðaþjónustu og nýtist til útivistar. Bent hefur verið á mikilvægi þess að fara varlega í allar framkvæmdir við jökulröndina og að þess verði gætt að merkum náttúruminum verði ekki raskað.

Lagðar hafa verið fram tvær tillögur að varnargörðum við Fláajökul. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um samanburð á umhverfisáhrifum þessara tillagna s.s. virkni þeirra og áhrif á landslag. Ennfremur hefur komið fram að fyrirhugað sé að taka efni á þremur svæðum í nágrenni við varnargarðinn og að yfirborðsflatarmál fyrirhugaðrar námu 3 sé yfir stærðarviðmiðum skv. lið 21 í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en skv. 1. mgr. 5. gr. laganna skulu framkvæmdir sem falla undir 1. viðauka þeirra ávallt vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila (mynd) er töluvert af lággróðri á námusvæði 3 sem mun verða raskað við það að um 8.000 m³ af lausu grjóti verði numdir á þeim hluta námusvæðisins sem mest sé af því. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um endanlega afmörkun námunnar og áhrif efnistökkunnar á hættu á rofi og á framvindu gróðurs eftir lok framkvæmda.

Varnargarðurinn og efnistökusvæðin eru á svæði sem skilgreint er sem hverfisverndarsvæði til að vernda landslag í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018. Þar er gert ráð fyrir varnargarði við Fláajökul. Einnig er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem tilgreind eru í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Varðandi jökulaura á ofanverðum Mýrum kemur fram að það svæði sé sett undir hverfisvernd „til að tryggja heildaryfirbragð ósnortinnar víðáttu með frumstæðum vegslóðum og eðlilegu náttúrulegu gróðurfari.“

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging varnargarðs við Fláajökul kunnir að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Með vísan til 3. viðauka með lögnum varðar það sérstaklega

stærð og umfang framkvæmdarinnar, álagsþol náttúrunnar einkum með tilliti til sérstæðra jökulminja og landslagsheilda og staðsetningu á verndarsvæði.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt 27. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. mars 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Hornafjörður og Náttúruvernd ríkisins